

FLATASKÓLI



Greinargerð með umsókn um Grænfánann



Janúar 2013

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Umhverfisnefndin	3
Mat á stöðu umhverfismála og þróunin síðustu fimm árin.....	4
Skólaárið 2010-2011.....	4
Skólarárið 2011-2012.....	5
Skólarárið 2012-2013.....	7
Áætlun um aðgerðir og markmið.....	7
Eftirlit og endurmat.....	8
Kynning á umhverfismálum.....	8
Umhverfissáttmálinn.....	8
Lokaorð.....	9
Fylgiskjöl.....	10



Inngangur

Hér birtist greinargerð Flataskóla með umsókn um endurnýjun grænfánans. Skólinn sækir nú um grænfánann í þriðja sinn. Í greinargerðinni verður fjallað um umhverfisnefnd skólans, gert grein fyrir á stöðu umhverfismála í skólanum og þróuninni síðustu árin, sagt frá áætlun um aðgerðir og markmið, fjallað um eftirlit og endurmat, fræðslu og kynningu á umhverfisstefnu skólans.

Umhverfisnefndin

Í umhverfisnefnd Flataskóla eiga sæti tveir kennarar, aðstoðarskólastjóri, húsvörður, skólaliði, þrettán nemendur og fulltrúi foreldra. Nemendur eru valdir einn úr hverjum bekk frá 6 ára bekk og upp í 7. bekk (er ekki unglíngastig). Nefndin hittist að jafnaði einu sinni á önn. Nemendafulltrúar hittast þó að jafnaði einu sinni í mánuði með kennarafulltrúum. Á fundum hefur verið farið yfir stöðu umhverfismála í skólanum hverju sinni og áhersla lögð á virkni nemenda. Nemendafulltrúar ásamt umsjónarkennurum sjá um stóran hluta fræðslu, eftirlit og sjá til þess að unnið sé eftir þeim markmiðum sem sett hafa verið.



Mat á stöðu umhverfismála og þróunin síðustu þrjú ár

Flataskóli hefur síðustu ár lagt ríka áherslu á umhverfismál. Stórt skref var stigið á því sviði þegar sótt var um þátttöku í grænfánaverkefni Landverndar haustið 2005. Þá setti skólasamfélagið sér ný markmið til að stefna að. Í skólanum hefur verið unnið með skrefin sjö og gerðar úrbætur í umhverfisstarfi skólans bæði hvað varðar rekstur og umhverfismennt.

Skólaárið 2010-2011

Grænfáninn var afhentur í annað skiptið á Degi íslenskrar tungu í nóvember 2010. Var dagurinn sérstaklega hátíðlegur í Flataskóla þar sem skólanum var afhentur Grænfáninn aftur til tveggja ára. Fánann afhenti formaður Landverndar Björgólfur Thorsteinsson við hátíðlega athöfn í Vigdísarlundi. Söngvaskáldið Kristján Kristjánsson eða KK mætti með gítarinn og tók lagið sitt "Kærleikurinn og tími" með nemendum. Er þetta í fyrsta sinn sem hátíðin er haldin að hluta til utandyra og var þessi tilraun skemmtileg tilbreyting frá fyrri árum, en Flataskóli hefur alltaf lagt mikið upp úr þessum degi með vandaðri og fjölbreyttri dagskrá í hátíðarsal skólans. Eftir að Grænfáninn hafði verið dreginn að húni fluttu fimmtu bekkingar leikpáttinn Búkollu í tali og tónum.

Þegar gátlisti um umhverfismál var fylltur út í október kom í ljós að það var margt sem vel var gert og hafði áunnist í umhverfismálum í skólanum. Þó voru nokkur atriði sem betur máttu fara og má þar helst nefna að það þyrfti að koma upp upplýsingatöflu þar sem hægt væri að birta helstu fréttir af umhverfismálum í skólanum. Sú tafla þyrfti að vera staðsett þannig að upplýsingar væru sýnilegar öllum í skólasamfélaginu. Betur mætti einnig fara yfir ljós í kennslustofum og e.t.v. fækka perum í ljósastæðum.

Staða umhverfismála í skólanum er metin árlega. Farið er yfir umhverfisgátlistann og skoðað hvað hafði áunnist og hvað mætti betur fara. Það er verkefnisstjórn sem sér um að fara yfir gátlistann

Útikennsla og fræðsla um umhverfismál eru samofin og rík hefð er fyrir því í Flataskóla að fara í ýmsar vettvangsferðir. Nemendur fóru að öllu jafnan fótgangandi, hjólandi eða með strætó í vettvangsferðir. Fastur liður í skólastarfinu er að taka fyrir eitthvað þema tengt umhverfismálum í tengslum við dag umhverfisins 25. apríl ár hvert og var því fylgt eftir.

Ýmis skemmtileg umhverfisverkefni hafa fests í sessi í skólastarfinu. Dæmi um slíkt er Vífilsstaðaverkefnið sem unnið hefur verið í Flataskóla frá haustinu 2000. Nemendur í 6. bekk læra þar um lífríkið í og við Vífilsstaðavatn og fara í vettvangsferð þar sem þeir skoða umhverfið, taka sýni úr vatninu og Vífilsstaðalæk, greina plöntur í umhverfinu og átta sig á örnefnum.



Nemendur í 4. bekk vinna verkefni um endurvinnslu þar sem þeir fræðast m.a. um flokkun á sorpi, mengun sem getur fylgt því og gildi þess að ganga vel um umhverfið. Hluti af fræðslunni fer fram í vettvangsferð í Sorpu.

Nemendur hafa hreinsað skólalóðina frá 2005. Hver bekkur á sitt svæði og í hverri viku fer einn bekkur út að hreinsa skólalóðina. Gúmmíhanskar, áhöld og pokar eru geymdir á ákveðnum stað í skólanum. Ákveðið skipulag um það hvenær hver bekkur á að hreinsa hangir uppi á töflu í starfsmannarými.

Umhverfismennt er hluti af námskrá allra árganga skólans og samþætt ýmsum námsgreinum þegar við á. Sem dæmi þá fer fram margsháttar fræðsla í heimilisfræði þar sem fjallað er um umhverfis- og endurvinnslumerki, auglýsingar og slyshættu, flokkun á sorpi og moltugerð svo eitthvað sé nefnt.

Kennarar og starfsfólk er meðvitað um gildi umhverfismála og fræðir nemendur um gildi þess í gegnum námsefni, s.s. í náttúrufræðikennslu, útikennslu og í heimilisfræði og þegar aðstæður bjóða upp á slíka fræðslu.

Flataskóli fékk viðurkenningu fyrir lofsvert framtak í hreinsunaráttaki Garðabæjar vorið 2011. Nemendur í 3. – 6. bekk hreinsuðu rusl úr og við Hraunsholtslækinn frá Hafnarfjarðarvegi að Reykjanesbrautinni. Viðurkenningarnar voru afhentar á lokahátíð hreinsunaráttaksins. Styrkur sá sem Flataskóli fékk var notaður til að kaupa áhöld fyrir nemendur í útikennslu.

Skólaárið árið 2011-2012

Haustið 2011 var farið yfir gátlista um stöðu umhverfismála í skólanum. Það voru fulltrúar kennara og stjórnenda í umhverfisnefnd sem sáu um það. Þar kom fram að margir hlutir eru í mjög góðu lagi og ýmislegt hefur verið bætt frá því síðast þegar listinn var fylltur út.



Ný nefnd var skipuð fulltrúum nemenda og starfsfólks að hluta til. Ákveðið var að fulltrúar nemenda sætu 2 ár í senn.

Eftir að hafa tekið þátt í Comeniusarverkefninu Vængjaðir vinir síðastliðin ár varð það að föstum venjum að margir nemendur fóru út með afgang af ávöxtum og gáfu fuglum.

Farið var yfir markmið skólans í umhverfismálum og ný markmið sett fram um áframhaldandi starf í skólanum.

Nemendur í umhverfisnefnd funduðu reglulega og stuðlað var að auknu nemendalýðræði á þessu skólaári.

Nokkuð vel hefur gengið að framfylgja markmiðum umhverfisstefnu skólans og framundan er að hefjast handa við innleiðingu á flokkun á öllu rusli, líka lífrænum úrgangi. Starfsmenn munu fá aðstoð við þá innleiðingu.



Kennarar og starfsfólk var meðvitað um gildi umhverfismála og fræddi nemendur um gildi þess í gegnum námsefni, s.s. í náttúrufræðikennslu, útikennslu og í heimilisfræði og þegar aðstæður buðu upp á slíka fræðslu.



Útikennsla og fræðsla um umhverfismál voru samofin. Í öllum árgöngum er fastur útikennslutími á stundaskrá þar sem nemendur vinna verkefni tengdum markmiðum úr aðalnámskrá. Í fyrsta skipti fóru allir nemendur skólans og starfsfólk í dagsferð í Guðmundarlund í Kópavogi. Þar sem allir fóru í hina ýmsu leiki og borðuðu saman. Ákveðið var að hafa þessa ferð árlega hér eftir.



Á vordögum tóku nemendur í 3. – 5. bekk þátt í sérstöku hreinsunarátaki Garðabæjar og hreinsuðu lóðina bæði með tilliti til illgresis og rusls en runnarnir á skólalóðinni safna mikið af fokrusli. Nemendur fengu ís að launum fyrir vel unnin verk.



Skólaárið 2012-2013

Áætlun um aðgerðir og markmið

Á vormánuðum 2012 var ákveðið að ráðast í allsherjar flokkun á öllu sorpi í Flataskóla. Ákveðið var að fara í samstarf við Íslenska gámafélagið sem sér um alla þjónustu. Nemendur og starfsfólk fengu fræðslu um flokkun frá fyrirtækinu þar sem farið var yfir flokkunarkerfið og hvernig það virkar. Umhverfisnefnd nemenda hefur fundað og farið reglulega inn í bekkina sína með fræðslu og eftirlit.

Dregið hefur úr pappírnotkun í skólanum og eru nemendur og kennarar hvattir til að endurnýta pappír eins og kostur er svo sem með því nota pappír úr endurvinnslukassa. Kennarar ljósrita báðum megin á blöð ef kostur er og ljósrita ekki að óþörfu. Litaprentari er notaður í lágmarki og hefur aðeins ritari skólans heimild til að prenta út í lit fyrir starfsmenn. Þá fara skilaboð, heim til nemenda, oftast í tölvupósti og upplýsingar eru birtar á heimasíðu svo sem námsvísar, skóladagatal o.fl. Í hverri skólastofu er kassi fyrir pappír sem ljósritunarpappír er safnað í. Sama á við í öðrum rýmum skólans. Pappírnum er skilað til endurvinnslu. Samskipti við heimili fara að miklu leiti fram í gegnum tölvupóst.

Nemendur koma ekki með fernudrykki í skólann en drekka vatn í margnota glösum sem geymd eru í skólanum. Þeir nemendur sem koma með drykki að heiman eru hvattir til að koma með þá í endurnýtanlegum umbúðum s.s. brúsum. Einnig geta nemendur keypt áskrift á mjólk sem þeir sækja í mjólkurkælivél í matsalnum.

Í mótuneyti skólans er boðið upp á vatn með matnum. Nemendur og starfsmenn eru hvattir til að drekka vatn. Allir nemendur eru með vatnsbrúsa eða glas í skólanum. Vatnsvél var sett upp á kaffistofu starfsmanna haustið 2004 og eru starfsmenn hvattir til að koma með sinn eigin brúsa. Einnig hafa allir starfsmenn sín eigin drykkjarmál sem þeir geta geymt óþvegin á milli kaffitíma og er það gert til að draga úr notkun uppþvottavélar. Þá hefur verið lögð áhersla á það að nota ekki einota pappamál eða pappadiska í skólanum. Því var fjárfest í glösum, hliðardiskum og kaffibollum til að nota á bekkjarkvöldum og slíkum uppákomum. Áhersla hefur verið lögð á það að flokka úrgang og minnka rusl. Í því sambandi hefur eftirfarandi verið sett fram, starfsmönnum til glöggvunar og til að tryggja að vel sé farið eftir því:

Í kennslustofum

- Kassi fyrir pappír, dagblöð og tímarit.
- Fata fyrir blandað sorp.
- Fata fyrir matarafganga.

Á vinnuherbergi starfsmanna

- Tunna fyrir pappír, dagblöð og tímarit.
- Tunna fyrir blandað sorp.
- Skúffuskápur fyrir litaða pappírrenninga og afklippur af kartoni (endurnýtt í kennslustofum).
- Bakkar fyrir afgang ljósritunarpappír til að endurnýta (prentað á aðra hliðina).
- Bakki fyrir hvíta pappírrenninga (endurnýtt í kennslustofum).

Í starfsmanneldhúsi

- Málmur (niðursuðudósir, sprittkerti, álpappír)
- Gler (glerkrukkur, glerbrot)
- Skilagjaldskyldar umbúðir (flöskur – dósir)



- Tunna fyrir matarafganga
- Tunna fyrir almennt rusl
- Tunna fyrir jógúrt- og skyrdósir
- Tunna fyrir fernur

Í heimilisfræðistofu

- Málmur (niðursuðudósir, sprittkerti, álpappír)
- Gler (glerkrukkur, glerbrot, flísar – húsvörður fer með í Sorpu)
- Eggjabakkar (notaðir í skólanum)
- Fata fyrir matarafganga

Hjá húsverði

- Rafhlöður (flokkað til Sorpu)

Ruslagámur á skólalóð

- Blandað sorp sem er urðað hjá Sorpu

Eftirlit og endurmat

Staða umhverfismála í skólanum er metin árlega. Farið er yfir umhverfisgátlistann og skoðað hvað hefur áunnist og hvað mætti betur fara. Það er verkefnisstjórn sem sér um að fara yfir gátlistann

Kynning á umhverfismálum

Umhverfismál skólans hafa verið kynnt á ýmsa vegu. Umhverfisstefnan hefur verið kynnt á heimasíðu skólans, í fréttabréfi skólans og á námskynningarfundum fyrir foreldra. Þá hefur einnig verið kynning fyrir fulltrúa í foreldrafélaginu og skýrsla umhverfisnefndar birtist á hverju ári í ársskýrslu skólans.

Umhverfissáttmálinn

Haustið 2007 var settur umhverfissáttmáli skólans. Hann var unnin af umhverfisnefnd skólans þ.e. starfsmönnum og nemendum. Umhverfissáttmálinn hefur verið kynntur öllum starfsmönnum og nemendum og birtur á heimasíðu skólans. Einnig hangir hann uppi á nokkrum stöðum í skólanum.

- Við göngum vel um skólann og umhverfi hans.
- Við förum vel með pappír, prentum hvorki né ljósritum meira en þarf og endurvinnum afgangspappír.
- Við erum meðvituð um að það er aðeins ein jörð og að umgengni hvers og eins skiptir máli.
- Við gerum okkur grein fyrir að með flokkun er hægt að endurvinna og endurnýta ýmislegt sem annars færi í ruslið.
- Við viljum geta greint jákvæðan áróður frá neikvæðum.
- Við gætum þess að sóa ekki hreinlætis- og ræstingavörum og notum umhverfisvænar vörur eins og mögulegt er.
- Með samþættingu námsgreina er nemendum okkar kennd umhverfisvernd í öllum árgöngum skólans.



- Í samvinnu við heimilin vinnum við að því að efla ábyrga hegðun og umgengni við nánasta umhverfi og náttúru landsins.
- Við fáum tækifæri til að njóta útiveru og skynja náttúrufegurð.

Lokaorð

Hér hefur verið farið yfir umhverfismál í Flataskóla. Við í skólanum eru afar stolt af því að geta flaggað Grænfánanum og er það einlægur vilji að það haldist.

Við endurmat kemur alltaf í ljós hvað vel er gert og hvað má betur fara. Mat nefndarinnar er að alltaf þurfi að vera á varðbergi en góðir hlutir gerast hægt.

Garðabæ 24. janúar 2013

F.h. umhverfisnefndar Flataskóla

Anna Lena Halldórsdóttir

Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir



Fundargerðir

21. september 2011

Á fundinn mættu Ragna, Anna Lena og Halla

Við ræddum nokkur málefni á þessum fyrsta fundi verkefnastjórnar:

Fernur og dósir – halda okkur við áðursetta stefnu og við drekkum vatn eða mjólk

Kalla eftir kennsluáætlunum í útikennslu, virkja sameignina betur og kynna pöntunarblað útikennslugagna.

Útikennsluefnið Stærðfræði undir berum himni er komið í hús.

Comenius – útikennsluverkefni, Kolbrún viðrað þá hugmynd að við setjum á og stjórnum

Comeniusarverkefni um umhverfismennt og útikennslu.

Nefndin er kosin til tveggja ára (krakkarnir) og þarf að kjósa nýja núna í ár, þeir nemendur fylgja vatninu eftir.

Athuga með fulltrúa foreldra – senda út kynningu/póst varðandi það.

Vatnið er til umræðu og athugunar í vetur en nemendur kusu það í vor sem næsta viðfangsefni.

Finna álmunum og eða stökum stofum nöfn (t.d. hátíðarsal).

Í vetur ætlum við að rúlla umhverfisnefndinni okkar á milli svo að það hvíli ekki alltaf á sömu ábyrgð og einnig ritarastarfinu. Ragna sér um að boða til funda.

Guðmundarlundarferðina tengd við dag náttúrunnar 16. sept (Ómar Ragnarsson).

Fundargerðir þurfa að fara á netið, gott að senda þær á milli verkefnastjórnar áður en þær fara á netið.

Hugmynd kom upp um að hafa hóp gönguferðir skólans, eina vetrarferð og aðra vorferð.

5. október 2011

Á fundinn mættu: Halla, Anna Lena, Ragna og Ólöf Sigurðardóttir

Fimmtudaginn 20. október hittum við alla nemendur í umhverfisnefnd (allar saman)

Halla sendir póstinn á kennara og biður um að kjósa í nýja nefnd til næstu tveggja ára.

Koma að betri sorpflokkun í skólanum, t.d. með því að bæta við flokkun á lífrænum úrgangi.

Efla þarf bekkjarfundi í skólanum – enda bekkjarfundir hluti af nemendalýðræði.

Hugsa um nafnasamkeppni á hátíðarsal og fleiri stofum. Hugmynd að halda áttunum á álmum (sbr. Suðurálma, vesturálma...) og setja „örvar og áttavita“.

Virkja þarf á ný endurvinnsla á kaffistofu starfsmanna og Ólöf kannar verð á tunnum og maíspokum fyrir lífrænan úrgang.

Næsti fundur settur 26. október.

29. febrúar 2012

Á fundinn voru mættar Anna Lena, Halla Rós, Ólöf Sig. og Ragna.

Fulltrúi frá Hringrás kom í skólann með stóran stamp fyrir rafhlöður. Hann kom einnig með myndband um endurvinnslu rafhlaðna ásamt boxum sem nemendur geta tekið með heim.

Halla ætlar að hitta umhverfisnefndina (nemendur) þannig að þau beri boðskapinn um rafhlöðurnar inn í sína bekki og þaðan heim. Halla sér um að boða þau á fund eftir því hvenær hentar hennar stundaskrá.

Ákveðið hefur verið að nemendur setji upp sýningu í hátíðarsal í vor, sem ber vinnuheitið VATN. Kennarar verða beðnir um að vinna ákveðin verkefni með umsjónarnemendum sínum.

1. Vinnur hljóðlistaverk úr vatni sem verður tekið upp og sýnt aftur og aftur
- 2.
- 3.
4. Vatnið og ég - neyslu vatn
5. Uppspretta vatns.
6. Mikilvægi vatns.
7. Orkunýting vatns.



Senda á póst heim til foreldra og biðja þá um að aðstoða börnin við finna nafn á hátíðarsalinn, nafnið á að koma úr örnefnasögu bæjarins. Settur verður upp kosningakassi hjá ritara þar sem nemendur geta skilað inn sínu atkvæði. Við teljum mikilvægt að nemendur fái að eiga hlut í þessu máli enda hluti af lýðræðislegu samfélagi að fá tækifæri til að láta í ljós sína skoðun

Frá og með næsta hausti munum við skipta við íslenska gámafélagið, fá þaðan leiðbeiningar og aðstoð við innleiðingu á flokkun á öllu sorpi.

Á næsta starfsmannafundi mun umhverfisnefndin fá tíma til að minna á nokkur mál (pappír, vatn, rafmagn) og svo VATNs verkefnið.

Taka skal fram að nefndin fór á fund í Jötunheimum vegna fyrirhugaðrar útikennslumiðstöðvar við Jötunheima. Útikennslumiðstöðin á að vera sameiginleg miðstöð fyrir leik- og grunnskóla í bænum.

Næsti fundur boðaður 14. mars

21. mars 2012

(fundur var frestað um viku átti að vera þann 14. mars)

Á fundinn voru mætt Anna Lena, Gunnar og Ragna.

Bréf um nöfn á hátíðarsal og tölvuver fara heim (bréf tilbúið) og verður kosningakassinn opinn fram að páska. Eftir páska verður svo kosið um nöfnin. Dómnefnd velur nöfn sem nemendur munu svo kjósa um. Í dómnefnd verða.

VATNs-sýningin verður í vor og mun hún opna fimmtudaginn 26. maí og standa í tvo daga.

Kennarar verða búnir að vinna með nemendum sínum VATNs verkin og koma þeim fyrir í hátíðarsal. Umhverfisnefndin ber ábyrgð á sýningunni.

Nefndin ætlar að biðja skólastjórnendur að hafa innleiðingarnámskeiðið varðandi sorpflokkun á starfsdögum þannig að starfsfólk sé í stakk til þess búið að koma nemendum inn í þetta kerfi.

Í framhaldi af sorpmálaumræðum kom upp hugmynd um að setja upp fuglabretti fyrir matargjafir en þá gætu nemendur sett afgang ávexti á bretti fyrir fuglana. Gott væri að setja fuglastaurana hér og þar á skólalóðina og láta þá hvern bekk um einn staur.

Bréfið:

Kæru foreldrar/forráðamenn

Umhverfisnefnd Flataskóla hefur ákveðið að fara af stað með nafnasamkeppni fyrir hátíðarsal skólans og tölvuverin tvö. Nemendur geta komið með tillögur að nöfnum sem síðar verður kosið um. Kassi fyrir tillögur verður hjá Jónu ritara og eru þeir sem vilja taka þátt beðnir um að skila tillögum þangað fyrir páska. Ákveðið hefur verið að nafnatillögurnar tengist Garðabæ á einhvern hátt, t.d. gömul bæjarnöfn eða örnefni. Á miðanum sem skilað er inn þarf nafn nemanda, bekkur ásamt nafnatillögu að standa skýrum stöfum. Vonumst til að sem flestir taki Kær kveðja,

Umhverfisnefnd Flataskóla



5. september 2012.

Mættar eru Halla Rósenkranz og Anna Lena Halldórsdóttir.

1. Kennurum var sendur tölvupóstur þar sem þeir voru hvattir til að skipa í umhverfisnefnd vetrarins.
2. Boðað hefur verið til fundar hjá umhverfisnefndinni mánudaginn 10.september kl: 10:10. Fulltrúar í 5. og 6. bekk munu ganga í stofur og hafa eftirlit með endurvinnsluferlinu.
3. Nemendur og starfsmenn hafa fengið fræðslu frá Gámaþjónustunni um endurvinnslu en frá og með þessu hausti er allt endurunnið í Flataskóla.
4. Nemendur í 7. bekk ætla að hanna/útbúa ýmsa leiki á skólalóð eins og t.d. París og aðra útileiki.
5. Skólalönging verður haldið í öllum árgöngum dagana 13.-25. september.

14.nóvember. 2012.

Mættar eru Halla Rósenkranz og Anna Lena Halldórsdóttir.

1. Farið yfir stöðuna í endurvinnslumálum og frágangi nemenda í þeim þáttum.
2. Ákveðið hefur verið að halda fund með nemendafulltrúum mánudaginn 19. nóvember. Nemendur munu ganga í kennslustofur og fara yfir þá þætti sem þarfnast úrbóta.
3. Framundan er að klára gátlistann fyrir þriðju umsókn um Grænfánann.
4. Nefndina vantar fulltrúa foreldra og verður Helga María beðin um að finna fulltrúann.



14.nóvember. 2012.

Mættar eru Halla Rósenkranz og Anna Lena Halldórsdóttir.

1. Farið yfir stöðuna í endurvinnslumálum og frágangi nemenda í þeim þáttum.
2. Ákveðið hefur verið að halda fund með nemendafulltrúum mánudaginn 19. nóvember. Nemendur munu ganga í kennslustofur og fara yfir þá þætti sem þarfnast úrbóta.
3. Framundan er að klára gátlistann fyrir þriðju umsókn um Grænfánann.
4. Nefndina vantar fulltrúa foreldra og verður Helga María beðin um að finna fulltrúann.

28.nóvember 2012

Mættar voru Anna Lena og Halla

1. Unnið var að greinargerð fyrir umsókn Grænfána janúar 2013

21.desember 2012

1. Nefndin hittist og hélt áfram vinnu við greinargerð með umsókn um Grænfánann.
2. Farið var yfir stöðu mála og ljóst að úrbóta er þörf í matsalnum. Farið verður í það í janúar að virkja nemendur í eftirlit.

Mættar voru Anna Lena og Halla

16.janúar 2013

1. Lokahönd lögð á umsókn um endurnýjun Grænfánans sem send var til Helgu Maríu Guðmundsdóttur, verkefnastjóra, til yfirlestrar. Umsóknin þarf að berast Landvernd fyrir mánaðarmótin janúar/febrúar.
2. Ákveðið var að funda með fulltrúum nemenda, mánudaginn 21.janúar, kl: 10:10 í raungreinastofu og fara yfir þau atriði sem þarfnast úrbóta í matsal. Ákveðið var að skipta nemendum í eftirlitshópa sem taka vaktir í matsal og fylgjast með hvort rusl fari á rétta staði og umbúðir séu þvegnar áður en þær eru settar í viðeigandi tunnur.

Mættar voru Halla Rósenkranz og Anna Lena Halldórsdóttir



23.janúar 2013

1. Farið yfir umsókn og skýrslu og lagfæringar gerðar vegna yfirlstrar Helgu Maríu. Umsókn komið í póst.
2. Helena Jónasdóttir, starfsmaður, hefur samþykkt að sitja áfram í nefndinni fyrir hönd almennra starfsmanna.
3. Fundi með nemendafulltrúum var frestað vegna óviðráðanlegra ástæðna en stefnt er að því að halda fundinn mánudaginn 28. Janúar.

Mættar voru Halla og Anna Lena

